

Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 57. stjórnarfundar 17. febrúar, 2025 kl. 13:00 – 14:40.

Mætt voru: Örn Viðar Skúlason, Óskar Jósefsson, Hermann Hermannsson og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagný Lísa Davíðsdóttir sat fundinn og Georg Andri Guðlaugsson sat fundinn undir lið 1.

Dagskrá fundar:

1. Yfirlýsingar vegna forgangsréttar - undirritun

Framkvæmdastjóri lagði fyrir stjórn þrenns konar yfirlýsingar vegna forgangsréttar fyrrum eigenda íbúða í Grindavík. Um er að ræða sérstök skjöl vegna eftirtalins; forkaupsréttar kaupréttar og forleiguréttar. Viðkomandi forgangsrétti verður þinglýst sem kvöð á eignum í þeim tilvikum sem seljendur óskuðu eftir því.

Stjórn samþykkti og undirritað skjöl vegna þessa.

2. Fundargerðir

Fundargerðir 55. og 56. fundar samþykktar.

3. Afgreiðsla umsóknar

Framkvæmdastjóri lagði fyrir stjórn að taka ákvörðun um afgreiðslu einnar umsóknar. Um var að ræða mál þar sem umsækjandi óskaði eftir undanþágu frá skilyrði um lögheimili í eign vegna þess að hún hefði verið keypt til að aðstoða nákominn ættingja. Á fundinum var farið yfir fram komnar skýringar og niðurstaðan varð sú að skilyrði væru til að fallast á kaup á eigninni.

Afgreiðsla stjórnar var skráð í vinnuskjal stjórnar.

4. Skýrsla framkvæmdastjóra

Nú eru 13 umsóknir í vinnslu hjá féluginu. Að auki eru 19 mál til viðbótar í höfnunar- eða frávísunarferli hjá féluginu og lokur önnur fimm mál í vinnslu sem varða kaupverð og dráttarvexti. Alls 80 umsóknir hafa borist um gerð hollvinasamnings og búið er að ganga frá 40 samningum. Almennt er reynslan góð af gerð þessara samninga.

Framkvæmdastjóri sýndi drög að handbók fyrir félagið sem starfsmenn félagsins hafa tekið saman.

5. Önnur mál

Framkvæmdastjóri upplýsti að féluginu hefði borist gagnabeiðni vegna eins kærumáls. frá úrskurðarnefnd vegna náttúruhamfaratrygginga.

Ákveðið að hafa næsta fund 6. mars kl. 14:00. Áformað að fara í vettvangsferð til Grindavíkur 27. mars, ef aðstæður leyfa.

Fleira ekki rætt og fundi slitið um kl. 14:40.

The image shows three handwritten signatures in blue ink. The top signature is "Guðrún Þorleifsdóttir". Below it is "Óskar Jósefsson". At the bottom is "Ævar Skúlason".